

Skinney-Þinganes hf.
Erlingur Brynjólfsson
Krossey
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 20. ágúst 2021
UST202103-013/gf
08.10.02

**Varðar botnþykktarmælingar á lýsisgeymi nr. L-8 hjá fiskimjölsverksmiðju
Skinneyjar Þinganes á Höfn í Hornafirði.**

Umhverfisstofnun barst þann 11. júní sl. botnþykktarmælingar á geymi nr. L-8 í fiskimjölsverksmiðju Skinney Þinganes hf. Geymirinn var smíðaður árið 1969 og er á lóð verksmiðjunnar á Óslandstanga.

Botnþykktarmælingar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson starfsmaður NDT ehf. á Akureyri. Notaður var MFE MK IV Floor Scanner við heilskönnun og Olympus 45MG við punktmælingar.

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. að geymir nr. L-8 sé í misjöfnu ásigkomulagi að innanverðu. Gólf og neðsta umfar er ómálað. Gólf er ekki slétt og gerði það heilskönnunum erfiða. Í nokkrum plötum fundust svæði þar sem mæling gaf til kynna tæringu neðan frá. Gerð var tillaga að tvöföldunarplötu á plötum 16 og 19.

Þann 19. ágúst sl. bárust myndir af viðgerð á geyminum.

Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. um botnþykktarmælingu geymisins og myndir af tvöföldunarplötu er aftast í skýrslunni.

Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geymi nr. L-8. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllst,

Gottskálk Friðgeirsson

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Austurlands